

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
3.100 lítra og minni	13.486
3.101–6.000 lítra	15.577
6.001–10.000 lítra	18.574

Fyrir rotþrær stærri en 10.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 9.679 á rúmmetra við losun. Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 93.542 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 564 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1646/2022.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 14. desember 2023.

Borgarnesi, 14. desember 2023.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2024